


Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskóladeild Ártúnsskóla

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.



Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.



Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	5
Leiðarljós leikskólans: Árangur – Virðing - Vellíðan	6
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	6
1.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Háholts um starfið á síðasta ári	8
1.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Lágholts um starfið á síðasta ári	10
1.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Árhólts um starfið á síðasta ári.	12
2 Ytra mat	14
3 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	15
4 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	18
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
• Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og tók aðstoðarleikskólastjóri þau en skólastjórinn sat inni í viðtölum við deildarstjóra og sérkennslustjóra.	19
6 Foreldrasamvinna	19
7 Samstarf leik- og grunnskóla	20
8 Skipulagsdagar.....	21
9 Fylgigögn.....	21
9.1 Matsgögn – Dagskipulag.....	21
9.2 Matsgögn – Hópastarf	21
9.3 Leikskóladagatal	21
9.4 Samstarf grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2017-2018.....	21
9.5 Umsögn foreldraráðs	21

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: **Árangur – Virðing - Vellíðan**

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Starfið í leikskóladeildinni fór vel af stað það náðist að manna leikskólann fyrir sumarleyfi og aðlögun gekk vel. Á haustin er mikil tilhlökkun hjá börnum og starfsfólki að takast á við nýtt leikskólaár. Við byrjuðum veturinn á góðu róli með foreldrafundi, foreldraviðtölum og hópastarfi þar sem útikennsla spilar stóran sess. Við höldum í gamlar hefðir og eitt af því sem hefur verið gert í mörg ár í leikskóladeildinni er að á Bóndadaginn gefa stúlkur drengjum blóm sem þau búa sjálf til og á konudaginn gefa þá drengirnir stúlkunum blóm.

Leitin að jólasveininum er svo á sínum stað, þá fara börn og foreldrar ásamt kennurum og leita að fyrsta jólasveininum sem kemur til byggða. Við vorum með litadaga reglulega yfir veturinn, vasaljósadag og heimsóknardaga þar sem börnin heimsækja hinar deildirna í leikskólanum. Opið hús var í maí og þá gafst öllum tækifæra að koma í heimsókn í leikskólann og voru foreldrar þar



fremstir í flokki eins og gefur að skilja. Það verður að viðurkennast að veikindi starfsmanna setja æ meir svip á starfið síðustu ár og þurfa þeir sem eru í vinnu þá að hlaupa hraðar sem rýrir gæði starfsins með börnunum töluvert. Þar af leiðandi vannst ekki tími til að endurmeta og gera allt sem átti að gera. Þessi viðvarandi mannekla og erfiðleikar við ráðningar taka sinn toll og nú þarf borgin virkilega að taka sig á og setja menntamálin í forgang.

En sem betur fer er svo margt skemmtilegt að gera í leikskólanum að það gefst ekki tími til að velta sér mikið upp úr leiðindum. Samstarf á milli húsa er nokkuð, gæti verið meira ef fleira starfsfólk væri í hvoru húsi fyrir sig. Við leggjum mikla áherslu á útikennslu í hópastarfi og eru börn og starfsmenn ansi dugleg að fara út hvernig sem viðrar. Yngstu börnin notuðu garðinn sem sitt útikennslusvæði á meðan eldri hóparnir fóru útfyrir leikskólalóðina en núna á vormánuðum eru þau yngri byrjuð að útvíkka sitt útikennslusvæði og eru byrjuð að skoða nærumhverfi leikskólans betur.


Elstu börnin fóru í útskriftarferð út í Viðey með nesti fyrir allan daginn og vakti sú ferð mikla lukku og svo er útskrift elstu barnanna alltaf mikil hátíðarstund. Annars var þetta lærdómsríkur og krefjandi vetur og hlökkum við til þess að sólin láti sjá sig.

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

1.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Háholts um starfið á síðasta ári

Starfið á Háholti hefur verið mjög fjölbreytt í vetur. Við höfum lagt áherslu á samkennd, vináttu, heilbrigði, lýðræði, umhverfismennt og læsi svo eitthvað sé nefnt.

Í haust sáum við strax að vinna þurfti sérstaklega með vináttuna og samkennd þar sem hópurinn var krefjandi og það tók langan tíma að ná honum á rétt ról. Við lögðum mikla áherslu á hina ýmsu samvinnuleiki og samvinnu meðal barnanna. Í hópastarfinu fór mikill tími í að vinna hin ýmsu verkefni tengd barnasáttmálanum þar sem við tengdum saman listsköpun og útikennslu. Við fórum í margar ferðir t.d. í Hvalasafnið, Þjóðleikhúsið, Hörpuna og Borgarleikhúsið svo eitthvað sé nefnt.

Við æfðum okkur í lýðræðislegri þátttöku barnanna þar sem þau höfðu heilmikið um það að segja hvað væri gert t.d í samverustundum, hvaða bækur væru lesnar og hvað væri í boði í valinu svo eitthvað sé nefnt. Í útikennslunni vorum við einnig að vinna með nærumhverfið og mikil áhersla var lögð á að ganga vel um jörðina okkar. Í samverustundunum var lögð áhersla á málörvun og málvitund. Farið var í hina ýmsu leiki þar sem unnið var með rím, samstöfur og lestur bóka. Gutti bangsi fór heim með börnunum og deildu börnin með hvert öðru því sem gert var með honum.

Strax í haust fórum við af stað með bókaorminn þar sem börnin komu með miða að heiman þegar þau voru búin að lesa bók með sínum aðstandendum og við fylgdumst með orminum lengjast. Einnig fengum við bókakistu frá bókasafninu sem hvatti til aukins lesturs. Eftir áramót byrjuðum við svo með listamenn vikunnar þar sem tvö börn unnu saman að búa til myndverk sem fékk svo að hanga í fataklefanum í eina viku. Við héldum foreldrum upplýstum meðal annars í gegnum fésbókarsíðuna okkar og vorum dugleg að setja þar inn myndir og upplýsingar.

Innra mat Háholts

Almennt séð þá gekk starfið á Háholti ágætlega í vetur. Hinir föstu þættir í dagsskipulaginu komu vel út hjá okkur og þar ber hæst að við tökum vel á móti börnunum og að þeim líður vel hjá okkur.

Matartímarnir gengu almennt vel, börnin voru dugleg að skammta sér sjálf og voru að æfa sig í að biðja næsta mann um aðstoð.

Samverustundirnar gengu ekki sem best fyrst í haust þar sem barnahópurinn var mjög krefjandi og margir einstaklingar sem áttu erfitt með að vera í hóp. Við enduðum á því að skipta þeim upp í minni hópa og þá fóru hlutirnir að ganga betur. Það sem betur mætti fara hér er að starfsfólk deildarinnar fái undirbúning og geti betur undirbúið sig fyrir þær stundir sem það er að fara að taka. Þannig verður stundin markvissari og starfsmaðurinn öruggari.

Útiveran hefur að öllu jöfnu gengið vel hjá okkur í vetur. Öll börnin á deildinni fóru alltaf út eftir hádegi nema á föstudögum þá er útivera líka í boði fyrir hádegi. Þegar skipulagða starfið er búið á vorin þá er nauðsynlegt að hafa útiveru í boði tvisvar sinnum á dag því þá dreifast börnin betur um svæðin og fá meira næði til þess að leika sér.

Á þessu skólaári hafa börnin fengið aukið rými fyrir frjálsan leik þar sem skipulagða starfið byrjaði seinna um morguninn en áður. Fyrst í haust áttu börnin erfitt með að leika sér saman og það var mikið um árekstra og því voru búnir til leikhópar þar sem börnin blönduðust og

voru sett saman í leik. Eftir nokkrar vikur í þessum leikhópum breyttist menningin á deildinni og allt fór að ganga betur.

Hópastarfið hefur gengið vel í vetur en það hefur verið mikið um fyrir fram ákveðin verkefni sem börnin hafa síðan útfært sjálf. Við myndum vilja leggja meiri áherslu á frjálsari sköpun í listasmiðju og einbeita okkur meira að ferlinu fremur en útkomunni.

Annað sem kom fram hjá okkur í matinu var að við viljum láta börnin meta starfið á markvissari hátt.

- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Dagskipulag	Að skoða hvern þátt dagskipulagsins með það í huga að sjá hvað er vel gert og hvað má betur fara	Endurmat á vormánuðum	Apríl/maí 2019	Stjórnendur	Starfsmenn deildar	Að faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs
Hópastarf	Skoða innihald, máta það við markmið hópastarfs veturinn 2018-2019	Endurmat á vormánuðum	Apríl/maí 2019	Stjórnendur	Hópstjórar	Að faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs
Listsköpun	Að börnin hafi frjálsari hendur með það sem þau eru að gera	Símat yfir veturinn með skráningum	Apríl/maí 2019	Deildarstjórar	Hópstjórar	Að sköpun sé í samræmi við námssvið leikskólans sem sett eru fram í Aðalnámskrá fyrir leikskóla

Virk þátttaka elstu barnanna í ákvarðanatöku í skipulögðu starfi á deildum	Starfið í leikskólanum er lýðræðislegt þar sem börn eru virkir þátttakendur í skipulögðu starfi á deildum og hafi áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans	Markviss samtöl við börn í samverustundum	Apríl/maí 2019	Deildarstjóri	Starfsmenn	Að allar vísbendingar sem fylgja gæðalýsingu um þátttöku barna flokkist undir gott eða mjög gott verklag á kvarðanum sem notaður er
--	---	---	----------------	---------------	------------	---

1.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Lágholts um starfið á síðasta ári

Í vetur unnum við mikið með barnahópinn þar sem að mikið var um árekstara og togstreitu í honum og þá aðallega hjá stelpunum á deildinni. Mikil tími fór í að vinna með tilfinningar, samskipti og félagsfærni sem skilaði sér fljótlega í betri samskiptum á milli barnanna og var mikill munur á hópnum, sérstaklega nú á vormánuðum. Umhyggja og hlýja einkenndi samskipti starfsfólks og barna. Hópastarf gekk ágætlega, sérstaklega hjá Grænu hópnum og foreldrar voru almennt ánægðir með heimsóknir á hina ýmsu viðburði í leikskólanum.

Innra mat Lágholts

- Þegar börnin mæta í leikskólann er tekið vel á móti þeim og þau eru örugg að mæta á morgnana. Matmálstímar hafa gegnið vel í vetur en einna helst þarf að samræma reglur um hvað börnin gera eftir þá á deildinni. Samverustundir hafa oft dregist á langinn og eru oft einhæfar, þarf að hafa fjölbreyttari viðfangsefni og passa upp á tímalengd. Útivera gekk vel yngri börnin fara út fyrir hádegi og þá eru þau eldri inni með nægt rými fyrir frjálsan leik og öfugt eftir hádegi þá fara eldri börnin út og þau yngri eru inni. Verkefnaval á eftir síðdegishressingu er oft einhæft en það hefur gegnið vel að virkja börnin í að ákveða hvað er í boði. Öllum börnunum er skilað í lok dags á Lágholti og það hefur gegnið vel þegar búið er að ganga frá verkefnavalinu og koma börnunum í rólegan leik áður en börn af öðrum deildum bætast í hópinn. Hópastarf hjá Bláu hópnum gekk brösulega til að byrja með, nýtt og óreynt starfsfólk, hópstjóraskipti og veikindi starfsmanna settu strik í reikninginn. Í Listasmiðju er frekar mikið um fyrir fram ákveðin verkefni sem að við viljum breyta.

- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Dagskipulag	Að skoða hvern þátt dagskipulagsins með það í huga að sjá hvað er vel gert og hvað má betur fara	Endurmat á vormánuðum	Apríl/maí 2019	Stjórnendur	Starfsmenn deildar	Að faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs
Hópastarf	Skoða innihald, máta það við markmið hópastarfs veturinn 2018-2019	Endurmat á vormánuðum	Apríl/maí 2019	Stjórnendur	Hópstjórar	Að faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs
Listsköpun	Að börnin hafi frjálsum hendur með það sem þau eru að gera	Símat yfir veturinn með skráningum	Apríl/maí 2019	Deildarstjórar	Hópstjórar	Að sköpun sé í samræmi við námssvið leikskólans sem sett eru fram í Aðalnámskrá fyrir leikskóla
Samverustundir	Fjölbreyttari stundum þar sem lögð er áhersla á að lesa bækur, söng, ljóð, þulur og fara í leiki.	Símat yfir veturinn á deildarfundum	Hefst í október 2018 – Lokið maí 2019	Deildarstjóri	Starfsmenn	Að samverustundir komi inn á námssvið leikskólans sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“

1.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Árhólts um starfið á síðasta ári.

Haustið fór vel af stað þátttökuaðlögunin gekk vel og tókum við börnin inn í tveimur hollum. Aðlögunin var samt fyrirferðamikil fram að jólum þarf sem börn hættu og ný komu í staðin og var síðasta barn að byrja á deildinni í janúar. Börnin voru ung á deildinni og því fór mikill tíma fyrir þau að læra að vera í leikskóla. Við lögðum áherslu á málörvun og vorum dugleg að setja orð á alla hluti og tala mikið við börnin og lögðum strax í upphafi mikla áherslu á sjálfshjálp í fataklefanum með tilheyrandi málörvun. Bóbó bangsi fór heim með börnunum og skráðu foreldrar hvað gert var með honum og starfsfólk las það fyrir hin börnin í leikskólanum. Strax í haust fórum við af stað með bókaorminn þar sem börnin komu með miða að heiman þegar þau voru búin að lesa bók með sínum aðstandendum og við fylgdumst með orminum lengjast. Einnig fengum við bókakistu frá bókasafninu sem hvatti til aukins lesturs. Eftir áramót byrjuðum við svo með listamenn vikunnar þar sem tvö börn unnu saman að búa til myndverk sem fékk svo að hanga í fataklefanum í eina viku. Við héldum foreldrum upplýstum meðal annars með því að skrá á upplýsingatöflu í fataklefa og í gegnum fésbókarsíðuna okkar og vorum dugleg að setja þar inn myndir og upplýsingar.

Innra mat Árhólts

Þegar börnin mæta í leikskólann er tekið vel á móti þeim og þau eru örugg að mæta á morgnana. Matmálmáttar ganga vel börnin eru hvött til að ganga sjálf frá m.t.t. aldurs. Þeim er skammtað á diska og viljum við bjóða þeim í meira mæli að gera það sjálf. Þau fara beint í hvíld eftir hádegismatinn og þurfa ekki að bíða eftir að allir klári. Útiveran gekk vel í vetur, öll börnin fóru út á morgnana þar sem að þau sofa eftir hádegi en núna á vormánuðum þá hefur hún einnig verið í boði eftir hádegi þar sem svefntíminn hefur styst. Samverustundir hafa gegnið mjög vel í vetur og einna helst fannst starfsfólki þær of stuttar fyrir hádegi en fín tímalengd eftir hádegi. Hópastarf fór á skrið eftir áramót og gekk vel að mestu einna helst var lítill tími fyrir listsköpun og jafnvel þarf að skoða stærð hópa í listasmiðju. Eftir síðdegishressingu er frjálss leikur og þá skapast oft óróleiki og þurfum við að skoða betur hvað er í boði og hvernig þeim er skipt niður.

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Dagskipulag	Að skoða hvern þátt dagskipulagsins með það í huga að sjá hvað er vel gert og hvað má betur fara	Endurmat á vormánuðum	Apríl/mái 2019	Stjórnendur	Starfsmenn deildar	Að faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á

						gæðum leikskólastarfs
Hópastarf	Skoða innihald, máta það við markmið hópastarfs veturinn 2018-2019	Endurmat á vormánuðum	Apríl/maí 2019	Stjórnendur	Hópstjórar	Að faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs
Listsköpun	Að börnin hafi frjálsari hendur með það sem þau eru að gera	Símat yfir veturinn með skráningum	Apríl/maí 2019	Deildarstjórar	Hópstjórar	Að sköpun sé í samræmi við námssvið leikskólans sem sett eru fram í Aðalnámskrá fyrir leikskóla
Frjáls leikur eftir síðdegishressingu	Að skapa meiri ró í frjálsa leiknum þar sem öll börn fá að njóta sín með því að skoða hvað leikefni börnin nota og hvernig þeim er skipt upp á milli herbergja	Símat á haustönn	Lokið des 2019	Deildarstjóri	Starfsmenn deildar	Að leikur og nám sé í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla

2 Ytra mat

Ekki Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári í Ártúnsskóla.

- Hver gerði matið?
- Hver var tilgangurinn?
- Matsaðferð.
- Helstu niðurstöður.
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum ytra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*).

Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

3 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Fjögur börn hafa notið sérkennslu skólaárið 2017-18, þá með úthlutaða stuðningstíma. Þrír starfsmenn hafa verið að sinna þeim stuðningi. Einnig hefur verið aðkoma að fleiri börnum sem sérkennslustjóri hefur sinnt, þá í hópkenndu og/eða einstaklingskenndu.

Áhersla er á að beita snemmtækum íhlutunum þegar grunur vaknar um erfiðleika í námi nemenda. Unnar eru einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem það á við. Aftur á móti þarf að gera skýrari áætlun um snemmtæka íhlutun og málörvun í leikskólanum.

Unnið er eftir Lestur er bestur sem er heildstæð lestrarstefna Ártúnsskóla, með megin áherslu á málþroska, lestrarfærni og lesskilning. Allt starfsfólk leggur sig fram um að vekja áhuga barna á læsi með fjölbreyttum aðferðum. HLJÓM-2 er lagt fyrir elsta hóp að hausti og byrjað var að nota TRAS skráningalista í haust, þá eingöngu á næstelsta árgangi til að byrja með, þurfum við að halda markvisst áfram með þá skráningu. Þau börn sem mældust með slaka færni í HLJÓM-2 fóru í málörvunarhóp sem sérkennslustjóri sinnti. Þessi málörvun hefði þó mátt vera meiri, aftur á móti með breyttum reglum á úthlutun stuðningstímum hefur meiri vinna bæst á sérkennslustjóra umfram vinnuhlutfall og því ekki nægur tími gefist í málörvun og aðra vinnu með hópa.

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með einstaklingsnámskrám. Áður en einstaklingsnámskrá er gerð fylla foreldrar og leikskólinn út sitt hvorn AEPS listann. Sérkennslustjóri sér um gerð einstaklingsnámskráa (þá samkvæmt AEPS listum) ásamt stuðningsaðila/deildarstjóra.

Sérkennslustjóri kynnir einstaklingsnámskrár fyrir starfsfólki viðkomandi deilda og fer einnig betur yfir einstaklingsnámskrá með stuðningsaðila, þá m.a. hvernig meggi vinna með hana inni á deild. Annað skjal er búið til þar sem dæmi eru tekin hvernig hægt er að vinna með hvern þátt fyrir sig í flestum stundum dagsins, þá einskonar fylgiskjal með einstaklingsnámskrá.

Við gerð einstaklingsnámskráa skiptir foreldrasamstarf miklu máli. Til þess að auðvelda þetta samstarf var ákveðið að byrja notkun á AEPS listum, þá fá foreldrar tækifæri til að meta hvaða þætti þarf að vinna betur með hjá viðkomandi barni.

Leikskólinn leitast eftir góðu samstarfi við foreldra. Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Á þessari kynningu er m.a. sérkennslustjóri kynntur fyrir nýjum foreldrum og hvernig sérkennslu er háttað í leikskólanum. Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári, þar er m.a. staða barnanna rædd og foreldrar fá ráðgjöf ef þess er óskað. Ef grunur vaknar á frávík í þroska, hegðun eða líðan hjá barni er fundað með foreldrum og metið hvort aðkoma þjónustumiðstöðvar og/eða annarra stofnana sé þörf. Alltaf er byrjað á að leggja fyrir Íslenska þroskalistann áður en leitað er lengra eða grunur vaknar um frávík. Þegar barn fær úthlað stuðningstímum er teymi myndað í kringum barnið. Teymisfundir eru haldnir með reglulegu

millibili og er sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð oftast nær með í teymi, ásamt foreldrum, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Samráðsfundir með þjónustumiðstöð eru haldnir tvisvar sinnum á skólaári hér í leikskólanum, sérkennsluráðgjafi, félagsráðgjafi, sálfræðingur og hegðunarráðgjafi mæta. Sérkennsluráðgjafi er með á teymisfundum. Hegðunarráðgjafi er einnig búinn að vera inn í málum með okkur núna á skólaárinu. Gott aðgengi er að ráðgjöfum á þjónustumiðstöð ef þess er óskað, sem við höfum nýtt okkur.

Sérkennslustjóri er inn í öllum málum sem viðkemur börnum með sérþarfir og fundar reglulega með stuðningsaðilum, ráðleggur þeim og fær upplýsingar um stöðu mála. Sérkennslustjóri kemur inn á deildafundi, fær upplýsingar og gefur ráðleggingar ef þess er þörf. Á starfsmannafundum kemur sérkennslustjóri einstaka sinnum með erindi.

- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Gerð einstaklings- námskráa	Deildarstjórar og stuðningsaðilar taki meiri þátt í gerð námskráa og þær nýtist betur inn á deildum	Kynna AEPS lista betur fyrir starfsfólki	Skólaárið 2018-2019	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Rýnihópur/fundir	Leikskóli án aðgreininga/leikskóli margbreytileikans sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs
TRAS skráning	Að TRAS skráning verði markvissari og á öllum börnum leikskólans	Kynna TRAS fyrir starfsfóli. Útbúa lista með spurningum sem deildarstjóri/Kennarar Geta fyllt út til að flýta	Byrjar í Sept 2018 lokið maí 2019	Sérkennslustjóri	Rýnihópur/fundir	TRAS Skráningar-blöð

		fyrir skráningu				
Áætlun um Málörvun og Snemmtæka Íhlutun í leikskólanum	Búa til áætlun Um málörvun og snemmtæka íhlutun fyrir leikskólann	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikskólastjóri Sérkennslu- Stjóri og deildarstjórar funda	Haustönn 2018- 2019	Sérkennslustjóri og stjórnendur	Rýnihópur/ fundir	Leikskóli án aðgreininga/ leikskóli margbreyti- leikans sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs

4 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Sérkennslustjóri er tengiliður fjölmennningar í leikskólanum. Sérkennslustjóri hefur jafnframt yfirumsjón með íslenskukennslu tvítyngdra barna.

Sérkennslustjóri sest niður með deildarstjórum að hausti til að ræða tvítyngd börn, hvar þau eru stödd í íslenskunni og félagslega og þá hvort þau þurfi auka stuðning. Í framhaldi er raðað í málörvunarhópa. Markviss vinna fer fram bæði einstaklingslega og í hópum. Sérkennslustjóri og deildarstjórar fara yfir framfarir barnanna reglulega yfir veturinn. Stuðst er við „einn leikskóli – mörg tungumál“, þó að í vetur er ekki búið að fara fram markviss vinna í að skrá niður framfarir hjá tvítyngdum börnum.

Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks er ekki markviss, en samt til staðar, við höfum aðeins komið inná umræðu um fjölmenningu á starfsmannafundum en þurfum að koma því meira í umræðuna hjá okkur.

Á hverri deild eru fánar barnanna sýnilegir, þeir kynntir fyrir börnunum og af hverju við erum með mismunandi fána inn á deildum. Einnig eru í boði fánar t.d. með plúskubbum til að hafa sem fyrirmynd. Við hlustum á lög á ýmsum tungumálum, þá t.d. á þeim tungumálum sem börn tala í leikskólanum.

Leikskólinn fékk til ráðstöfunar fjármagn fyrir fjölmenningu. Við keyptum m.a. púsluspil með heimskorti og fánum, púsluspil með orðum á ensku, ýmis spil til að nota í málörvun og fleiri málörvunar verkefni/spil.

- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**

Unnið er að sömu markmiðum á öllum aldursstigum hjá tvítyngdum börnum eins og hjá öðrum börnum leikskólans að teknu tillit til stöðu þeirra í námi og íslensku getu þeirra. Leitast er við að brúa bilið á milli málþroska þeirra í móðurmáli þeirra og íslenskunni. Unnar eru einstaklingsáætlanir fyrir þau börn sem það á við. Námsfni og kennsluaðferðir er aðlagð til að efla orðaforða, málskilning og lesskilning. Notast er við myndmál og áþreifanlega hluti til að efla orðaforða og skilning.

- **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**

Foreldrar leikskólabarna gegna mikilvægu hlutverki í málþroska og málnotkun barna sinna. Þeir eru fyrirmyndir í tungumálinu, málnotkun og lestrarvenjum. Nauðsynlegt er að lesa reglulega fyrir börn sín og ræða saman um innihald bókarinnar. Foreldrar eru hvattir til að lesa á sínu móðurmáli fyrir börnin. Foreldrar þurfa að viðhalda jákvæðu viðhorfi til bóka og lestrar og sjá til þess að eiga gæða lestrarstundir með börnum sínum.

Foreldrar eru upplýstir um það fjölmennningar starf sem er í boði á vegum leikskólans og SFS, þá með því að senda tölvupóst á foreldra og hengja upp veggspjöld. Þetta skólaár höfum við ekki þurft að nýta okkur túlkaþjónustu þar sem allir erlendir foreldrar hjá okkur skilja/tala íslensku eða ensku. Annars höfum við verið að nýta okkur túlkaþjónustu og jafnvel google translate í samskiptum við erlenda foreldra.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og tók aðstoðarleikskólastjóri þau en skólastjórinn sat inni í viðtölum við deildarstjóra og sérkennslustjóra.
- Símenntun frá síðasta ári: Erindi frá hegðunarráðgjafa, Jafnréttisfræðsla, umhverfismennt og skyndihjálp.
- Við höfum þann háttinn á að skoða þau fjölmörgu tilboð af námskeiðum sem auglýst eru á hverju skólaári. Stjórnendateymi leikskólans er vakandi yfir hvaða námskeið henta starfsemi og starfsfólki leikskólans og bregðast við tilboðum þegar þau berast. Enn fremur eru starfsþróunarsamtöl greind og fræðsla ákveðin út frá þeim. Sjá fylgiskjal um símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla.
- Deildarstjórar fóru á ráðastefnu fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar. Einnig fóru starfsmenn Ártúnsskóla í náms- og kynnisferð til Brighton 9–13. maí 2018. Námsferðin er liður í því að efla starfsfólk Ártúnsskóla í að ná fram þeim markmiðum sem við höfum sett okkur í stefnu okkar um heilsuefingu og sjálfbærni. Meginþræði í stefnu Ártúnsskóla byggjum við á grunnþáttum menntunar, með sérstaka áherslu á sjálfbærni, heilbrigði og velferð.

6 Foreldrasamvinna

- Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekinn skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði sitja fimmtán manna. Skólaráð fundar að jafnaði 5 sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði anna hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Þessar kynningar fara fram í september.
- Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl.
- Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólanum. Atburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. sveitaferð leikskólans, jólaföndur, páskabingó, halloween ball og þrífadagur.

7 Samstarf leik- og grunnskóla

- Samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar er gerður á hverju hausti og stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmið að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Elstu börnin í leikskólanum fara m.a. í heimsókn í fyrsta bekk, í sögustund á skólabókasafninu, á samverur hjá fyrsta bekk og fara einu sinni í viku yfir veturinn í tónmennt og í íþróttir í íþróttasalnum. Þau heimsækja einnig Skólasel og á vormánuðum æfa þau sig að borða í matsal grunnskólans. Næst elstu börnin fara einnig í nokkrar heimsóknir yfir í grunnskólann yfir veturinn. Einnig heimsækja nemendur úr fyrsta og fjórða bekk grunnskólans leikskólann en fjórði bekkur er vinabekkur elstu barna leikskólans.
- Elstu börnin í leikskólanum og fyrsti bekkur unnu samstarfsverkefni um mýs á vormánuðum, börnunum var skipt upp í hópa og voru smiðjur bæði í leikskólanum og grunnskólanum.

8 Skipulagsdagar.

- Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu. Sameiginlegir starfsdagar í grunnskóladeildinni eru: 14. september 2018, **12. nóvember 2018**, **7. febrúar 2019**, **22. mars 2019**, 23. apríl 2019. 24. maí 2019 er eini dagurinn sem er ekki sameiginlegur með grunnskóladeild Ártúnsskóla. **Feitletruðu dagsetningarnar** eru sameiginlegir starfsdagar leik- og grunnskóla í Árbæ.

9 Fylgigögn

- 9.1 Matsgögn – Dagskipulag
- 9.2 Matsgögn – Hópastarf
- 9.3 Leikskóladagatal
- 9.4 Samstarf grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2017-2018
- 9.5 Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla veturinn 2018-2019
- 9.6 Umsögn foreldraráðs (fylgir ekki)

Reykjavík 29. júní 2018

F.h. Leikskóladeildar Ártúnsskóla

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla

Rannveig Andrésdóttir skólastjóri Ártúnsskóla

Dagskipulag Lágholt

Markmiðið er að hver deild fjalli um þessar spurningar.

Vinsamlegast vandið frágang, pikkið matið inn í tölvu, munið að setja dagsetninu og ártal og nöfn starfsmanna og vistið inn á sameign:

- Sameign - SFS ART - staff - Leikskólinn af sameign - 2017-2018 Endurmat maí 2018

Endurmat:

Hvað erum við að gera varðandi þennan þátt ?

Af hverju gerum við það þannig ?

Getum við gert það betur ?

Tekið á móti börnum á sinni deild

Morgunmatur

Samverustund fyrir hádegismat

Hádegismatur

Hvíld

Samverustund eftir matartímann

útivera

Lestrarstund fyrir síðdegishressingu

Síðdegishressing

Frjáls leikur eftir síðdegishressingu /val

Skilað á Lágholti

Hjálparspurningar:

Hvað erum við að gera sem virkar og hvað þarf að bæta ?

Innihald og fyrirkomulag stunda, hvað er vel gert og hvað þarf að bæta?

Hópastarf Blái hópur

Markmiðið er að hópstjóri/ar fjalli um þessar spurningar.

Vinsamlegast vandið frágang, skrifið dagsetningu og ár og hvaða starfsmenn eru að endurmeta, pikkið matið inn í tölvu og vistið inn á sameign:

- Sameign - SFS ART - staff - Leikskólinn af sameign - 2017-2018
Endurmat maí 2018

Endurmat:

Hvað erum við að gera varðandi þennan þátt ?

Af hverju gerum við það þannig ?

Getum við gert það betur ?

Listasmiðja

Hópastarf

Íþróttir

Útikennsla

Að lokum:

Vinsamlegast lýsið einni hópstarfsstund.

Vinsamlegast lýsið einum íþróttatíma.

Ágúst	September	Október	Nóvember
Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Aðlögun barna hefst	14. Starfsdagur Hópastarf hefst á deildum Foreldrafundir fyrir hverja deild Litadagur 26. Evrópski tungumáladagurinn	Bleikur dagur Foreldrakaffi foreldraviðtöl Heimsókn frá slökkviliðinu (árg.2013) 27. Alþjóðlegi bangsadagurinn	Aðalfundur foreldrafélagsins Litadagur 8. baráttudagur gegn einelti = vináttuverkefni 12. starfsdagur 16. dagur íslenskrar tungu=samvera í sal Jólafondur foreldrafélagsins
Desember	Janúar	Febrúar	Mars
Hópastarf í frí = jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember = sam- verustund í sal piparkökubakstur barna 1. bekkur og elstu börnin skiptast á jólakortum Leitin af jólasveininum = Foreldrum boðið með Jólasveinahúfudagur og rauður dagur Jólasýning á Árbæjarsafni (2013) Jólamatur og jólaball	6. þrettándinn = dönsum út jólin Hópastarf hefst aftur Dótadagur Vasaljósadagur 18. Bóndadagur = Stúlkur gefa drengjum blóm	6. dagur leikskólans 7. Starfsdagur 17. Konudagurinn = Drengir gefa stúlkum blóm Litadagur	4. Bolludagur = Börnin baka bollur og borða í síðdegishressingu 5. Sprengidagur = saltkjöt í matinn 6. Öskudagur = furðufataball í sal Foreldrakaffi Hrósdagur 21. alþjóðlegi downs = misliti sokkad. 22. Starfsdagur
Apríl	Maí	Júní	Júlí
Foreldraviðtöl 2. Dagur einhverfunnar = Blár dagur Barnamenningarhátíð 23. Starfsdagur 24. Síðasti vetrardagur = náttfataball 25. dagur umhverfis	Foreldraviðtöl vegna nýrra barna Opið hús Elstu börnin í skólaheimsókn með foreldrum sínum sameiginlegt grill með grunnskólanum Sveitaferð leikskólans (foreldrafélag) Útskriftarferð elstu barnanna Útskrift elstu barnanna 24. Starfsdagur	Útidótadagur Sumarhátíð (foreldrafélagið) Stóri leikskóladagurinn Brúðubíllinn á Árbæjarsafni Íþróttahátíð í leikskólanum	Leikskólinn lokar í fjórar vikur

Samstarf milli grunnskóla - og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2017 - 2018

Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það markmið að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Í Fjólubláa hópnum á leikskóladeild Ártúnsskóla eru 17 börn veturinn 2017 – 2018.

Á skólaárinu 2017-2018 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

1. Fagfundir:

Í skólanum er starfandi stuðningsteymi og yngri barna teymi sem funda reglulega yfir skólaárið. **Skilafundur Fjólubláa hópsins úr leikskóladeild yfir í grunnskóladeild verður 26. apríl kl. 10:00.**

2. Heimsóknir- Fjólublái hópur:

- a. heimsækir 1. bekk þriðjudagana 31. október, 7. nóvember og 20. og 27. febrúar (hálfur hópur í hvert skipti) kl. 9:05 – 10:05. Í heimsókninni munu leikskólanemendur kynnst fjölbreyttum námsgreinum, borða nesti og fara í frímínútur.
- b. er með íþróttatíma í íþróttahúsi á fimmtudögum frá kl. 9:50 – 10:45.
- c. kemur í tvö skipti í sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, fimmtudagana 9. nóvember og 12. apríl. kl. 9:05.
- d. kemur á Föstudagssamverur 1.bekkar 24. nóvember og 4. maí kl. 8:25.
- e. heimsækir Skólasel einu sinni fyrir jól og tvisvar sinnum eftir jól miðvikudagana 15. nóvember, 7. mars og 2. maí kl. 9:15 – 10:05.
- f. fær tónmenntakennslu einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 10:05 í grunnskólanum í umsjón tónmenntakennara
- g. Fulltrúar nemenda úr fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vorfund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á.

3. Samstarfsverkefni

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund á vordögum.
Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara og deildarstjóra Háholts.

4. Heimsóknir-Blái hópur:

- a. fer á föstudagssamveru hjá 3. bekk **3. nóvember og 2. mars kl. 8:25.**
- b. kemur í tvö skipti á skólaárinu í sögustund á skólasafn **fimmtudagana 7. desember og 8. mars kl. 9:05.**
- c. fer tvisvar sinnum á skólaárinu í íþróttatíma með Fjólubláa hópnum.

5. 1. bekkur úr Ártúnsskóla:

- a. **Fimmtudaginn 14. desember kl. 10:30** mun 1. bekkur heimsækja Fjólubláa hópinn í leikskólann og syngja með þeim jólalög og skiptast á jólakortum.
- b. Í maí verður opið hús í leikskólanum. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Nemendum í 1. bekk verður boðið í heimsókn í leikskólann að skoða verkin sem verða til sýnis.

6. Eldri nemendur – heimsókn:

- a. Nemendur 4.b eru vinabekkur fjólubláahópsins. Nemendur úr **4.LR** munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur **13. nóvember kl. 10:30 og þriðjudaginn 23. janúar kl. 9:00.**

Ártúnsholti 19. september 2017

Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla



Ártúnsskóli

Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla
leikskóli – grunnskóli – frístund
Námskeið/fræðslufundir/kynningar
veturinn 2018 – 2019

Námskeið – fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímamagn	Tímasetning
Haustsmiðjur kennara	Grunnskóla- og leikskólakennarar	SFS	4 – 16 klst.	09-10. ágúst
Endurmenntun íþróttak.	Íþróttakennarar	Hverfið	?	Allt skólaárið
Út vil ek	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Gufunesbær	2	08-13. ágúst
Öflug í stærðfræði	Stærðfræðikenn.	Guðný Helgadóttir Guðbjörg Pálsd.	20-30	Allt skólaárið
Endurmenntun stjórnenda	Stjórnendur	Stýrihópur	10	06 -07.sept
Heilsuefning starfsmanna	Allir starfsmenn	Erna M /Hanna Sóley	20	Allt skólaárið
Byggjum brýr og eflum læsi	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Háskóli Íslands	8	16.ágúst
Læsi í skapandi skólastarfi	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Háskólinn á Akureyri	8	15. sept
Heilsuefning landsamfélag	Allir starfsmenn	Þjónustumiðstöð	1.5 klst.	Haust 2018
Leiðsagnarmat	Grunnskóla-kennarar	Stýrihópur	20 klst	Á skólaárinu
Skyndihjálp	Allir starfsmenn	Stjórnendur	2 klst	12. nóvember
Leikskólaráðstefna	Leikskólastarfs-menn	SFS	4.klst.	7. febrúar
Öskudagsrástefna	Grunnskóla-kennarar	SFS	4. klst.	6. mars
Sameiginlegur starfsdagur í Árbæ og Grafarholti	Allir starfsmenn	Stjórnendur í hverfi	4. klst.	22. mars
Brot af því besta í Ártúnsskóla	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Stjórnendur	2 -3. klst.	Á skólaárinu
Íslensku námskeið	Starfsmenn með annað móðurmál en íslensku	Stjórnendur	10 klst.	Á skólaárinu

Skólastjórnendur áskilja sér rétt til að fella niður námskeið / fræðslufundi eða færa til á skólaárinu